

LANDABRÉF

Fréttabréf Landfræðifélagsins

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigfús Jónsson, Njálsgötu 73, R.

2. tbl. 3. árg. júní 1981



FRÁ AÐALFUNDI LANDFRÆÐIFÉLAGSINS

Aðalfundur Landfræðifélagsins var haldinn 29. apríl s.l. Fundarstjóri var Ólafur H. Óskarsson og fundarritari Þorbjörg Kjartansdóttir. Fundargestir voru 22. Fundar-efni var: 1. Venjuleg aðalfundarstörf. 2. Hringborðsumræður um stöðu landafræðinnar.

Eggert Lárusson formaður félagsins flutti skýrslu um starfsemi félagsins undanfarið ár. Í skýrslu hans kom fram m.a. að, út komu þrjú Landabréf, haldnir voru 6 stjórnarfundir, fyrirlestrar voru fjórir og farin var ein fræðsluferð. Ekki varð af útgáfu tímarits vegna þess hve illa hefur gengið að fá inn greinar. Stjórnin ákvað að reyna í staðinn útgáfu sérrita. Í hverju sérriti verði birtar ein eða fleiri greinar um landfræðilegt efni er félaginu kann að berast. Kemur eitt slíkt sérrit e.t.v. út í sumar.

Af útgáfu þýðingar á dönsku bókinn um landafræði Íslands getur ekki orðið í bili a.m.k. Hefur bókaútgáfan Bjallan, sem samið hafði verið við um útg. á ísl. þýðingunni, dregið alla samninga til baka. Treysta útgáfuaðilar sér ekki til þess að taka þá fjárhagsábyrgð sem þarf, er þar einkum um að ræða mikinn kostnað við vinnslu myndaefnis.

Fyrir forgöngu Landfræðifélagsins hefur verið ákveðið að gefa út afmælisrit í tilefni af 70 ára afmæli dr. Sigurðar Þórarinssonar.

Gjaldkeri félagsins Sigríður Hauksdóttir lagði síðan fram endurskoðaða reikninga félagsins og eru þeir prentaðir hér fyrir aftan.

Að lokinni skýrslu stjórnar af framkvæmdum og fjárreiðum félagsins, hófust almennar umræður um starfsemi félagsins. Var óskað eftir því að fræðsluferðir yrðu betur auglýstar. Einnig kom fram mikill áhugi fyrir því að reyna til þrautar útgáfu tímarits.

Því næst var lögð fram, af stjórninni, tillaga til lagabreytingar á lögum félagsins. Um er að ræða viðbót við 5. gr. laganna, „Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum kjörnum á aðalfundi ár hvert. Formaður skal kjörinn sérstaklega en stjórnin skipti með sér störfum að öðru leyti“. Við bætist (orðalagsbreyting Sigurður Þórarinsson) „Heimilt er þó ef þannig stendur á að kjósa stjórnina í einu lagi og velur hún þá formann úr sínum hópi“. Tillagan um lagabreytingu var samþykkt einróma. Tekur lagabreytingin þar með gildi

Kosning formanns félagsins var næst á dagskrá. Þar sem fráfarandi formaður Eggert Lárusson gaf ekki kost á sér í endurkjör var leitað eftir framboðum. Stungið var upp á Sigríði Hauksdóttur, sem samþykkti framboð og var hún einróma kjörin formaður félagsins.

Því næst var leitað eftir fólki í stjórn. Tillögu um að sama stjórn sæti áfram var hafnað af stjórninni, þar sem ekki allir fyrri stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér aftur í stjórn og vegna þess að æskilegt þótti að fá nýtt fólk í stjórn. Stungið var úppá: Einari Egilsyni, Gunnfríði Hermannsdóttur, Halldóri Eiríkssyni, Ingibjörgu Guðlaugsdóttur, Theódóri Theódórssyni og Þorbjörgu Kjartansdóttur, ásamt fleirum er neituðu framboði. Ofangreindir aðilar voru því samþykktir sem ný stjórn. Varamaður í stjórn var kjörinn Bjarni Reynarsson. Endurskoðendur voru endurkjörnir: Ólafur H. Óskarsson, Magnús Pétursson og Árni Stefánsson.

Næst var á dagskrá að ákveða árgjald. Tillögu, sem var borin fram af námsmönnum í Landafræði, um lægra árgjald þeim til handa, var hafnað. Þótti landfræðinemum t.d. 100,00 kr. of hátt gjald. Er það talið erfitt í framkvæmd þar sem árgjöld eru greidd samkvæmt giróseðlum og vegna þess að erfitt yrði að ákveða hvaða námsmenn (í landafr. eing. eða aðrir námsmenn líka?) eigi rétt á lægra félagsgjaldi. Tillaga um eitt árgjald, 100,00 kr. var síðan samþykkt.

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum hófust hringborðsumræður. Voru það fjörugar umræður um stöðu landa-

fræðinnar almennt í þjóðfélaginu og einkum í Háskóla Íslands.

Í stjórn Landfræðifélagsins fyrir nýhafið starfs-
ár eru eftirtaldir:

Sigríður Hauksdóttir, formaður,
Mávahlíð 4, r., h.s.20389/v.s.83600

Halldór Eiríksson, varaformaður,
umsjón með fræðsluf. og fyrirl.
Reynimel 84, R., h.s.16479

Einar Egilsson, gjaldkeri,
Digranesvegi 56, Kóp., h.s.40763/v.s.22090

Gunnfríður Hermannsdóttir, ritari,
Ljósheimum 16, R. h.s.31623

Ingibjörg Guðlaugsdóttir, fulltrúi félagsins í H.Í.,
Bræðraborgarstíg 23, R., h.s.28848

Theodór Theodórsson, fulltrúi félagsins í H.Í.,
Kaplaskjólsvégi 56, R., h.s.10861

Þorbjörg Kjartansdóttir, umsjón með fræðsluf. og fyrirl.,
Bergstaðastræti 9, R., h.s.10693/v.s.29344

Eggert Lárusson gaf kost á sér til áframhaldandi
umsjónar með útgáfu þýðingar dönsku bókarinnar og Sigfús
Jónsson hefur boðist til að hafa áfram umsjón með fréttabréfi.
Hefur stjórnin tekið ofangreindum boðum með þökkum.

REKSTRARREIKNINGUR LANDFRÆÐIFÉLAGSINS

(2. starfsár 21.4.'80-29.4.'81)

Gjöld:

Kostnaður v. útgáfu fréttabréfa	3.555,85
Sendingarkostnaður fréttabréfa	369,80
Fjölritun á tilkynningum	495,20
Frímerkjakostnaður	1.000,00
Kostnaður v/fræðsluferðar	1.355,32
Salarleiga og veitingar	732,00
(v/fundar um afmælisrit Sigurðar Þórarinssonar)	
Annar kostnaður	195,10
	<hr/>
	7.703,27

Tekjur:

Félagsgjöld 1980 (119 fél. + 20 kr.)	9.540,00
Vaxtatekjur	1.828,40
Innheimta fargjalda í fræðsluferð	320,00
	<hr/>
	11.688,40
	<hr/>
Tekjur umfram gjöld	3.985,13

EFNAHAGSREIKNINGUR LANDFRÆÐIFÉLAGSINS

29. apríl 1981

Tekjuafgangur frá fyrra ári	3.085,43
Innistæðuaukning á sparisjóðsbók og ávis.reikn.	3.985,13
	<hr/>
	7.070,56

Eignir:

Innistæða á sparisjóðsbók	6.596,57
Innistæða á ávisanareikningi	473,99
	<hr/>
	7.070,56
Innistæða á gjaldþrengingareikningi	18,63
Frímerkjaeign	18,50
	<hr/>
Eignir samtals:	7.107,69

Gjaldkeri: Sigríður G. Hauksdóttir

Endurskoðendur: Magnús Pétursson og Ólafur H. Óskarsson

DRÖG AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN LANDFRÆÐIFÉLAGSINS

1.5.1981-1.5.1982

4 fréttabréf á 2.000 kr. hvert	8.000,00
2 bæklingar í ritröð	5.000,00
Ritun v/bæklinga	2.000,00
Sendingarkostnaður	700,00
Fjölritun tilkynninga	600,00
Frimerkjakostnaður	1.400,00
Kostnaður v/fræðsluferðar	1.500,00
Annar kostnaður	<u>300,00</u>
	19.500,00

Sé miðað við svipaðan félagafjölda (184), en aðeins betri heimtur félagsgjalda (ca. 75% eða um 140 árgjöld), þá verða tekjur félagsins e.t.v. um 14 þúsund kr. með óbreyttu árgjaldi en gætu orðið um 17 þús. ef félagsgjald er hækkað í 100 kr.

ORÐSENDING FRÁ GJALDKERA

Næstu daga verða sendir út giróseólar fyrir félagsgjaldi, sem ákveðið var á síðasta aðalfundi að yrði 100 krónur. Í því tilefni er kannski rétt að rifja upp ör-lítið í hvað þessi félagsgjöld fara.

Jú, félagarnir fá 4-6 fyrirlestra á ári um hin fjölbreytilegustu efni flutt af sérfróðum mönnum. Eina fræðsluferð, en fræðsluferðirnar hafa bæði verið fróðlegar og skemmtilegar. Nú síðast en ekki síst „Landabréfið“, er flytur ýmsar fréttir og fróðleik sem erfitt er að fá annars staðar. Ákveðið hefur verið að stækka „Landabréfið“ og auka fjölbreytni þess. Það verður því verðmætur safngripur með tímanum.

Auk þessa stuðlar félagið að aukinni almennri fræðslu í landafræði og kynningu á henni sem vísindagrein. Efnt hefur verið til ráðstefnuhalds um málefni sem snerta félagið.

Að nokkrum stórverkefnum er verið að vinna s.s. útgáfu á vandaðri landafræðibók um Ísland, forgöngu í útgáfu á afmælisriti dr. Sigurðar Þórarinssonar, útgáfu sérrita o.fl.

Góðir félagar, við getum verið stolt af því sem okkar unga félag hefur afrekað og nú heitum við á ykkur að styðja við bakið á okkur í nýju stjórninni með aukinni þátttöku í starfsemi félagsins og því að innleysa giróseðilinn fljótt.

Gaman væri að þið mynduð skrá starfsheiti ykkar og símanúmer fyrir neðan nafn ykkar á græna giróseðilinn. Þá getum við gert skrá yfir starfsheiti félaganna og birt í Landabréfinu. Þá væri gott að hafa símanúmer ykkar á skrá hjá okkur. Einnig biðjum við ykkur að nota sama reit fyrir athugasemdir.

Með félagskveðju,
Gjaldkerinn

KYNNING Á KENNSLUBÓKUM Í LANDAFRÆÐI

Elements of Human Geography. C. Whyne Hammonds, London: George Allen & Unwin Ltd., 1979, 235 bls. Verð á pappírskilju £ 3,95.

Þessi bók er rituð sem kennslubók fyrir breska nemendur á aldrinum 16-19 ára. Skiptist hún í 5 hluta sem eru: Inngangur að mannvistarlandafræði, íbúar, atvinnulíf, byggð og skipulag. Í bókinni eru æfingar í lok hvers kafla, en stærri verkefni og heimildaskrá í lok hvers hluta bókarinnar. Þá er bókinn prýdd mörgum ljósmyndum og víða í henni er að finna úrdrátt um það sem fjallað er um á næstu síðum á undan. Er þessi úrdráttur birtur í nokkurs konar „símskeytastíl“ og prentaður í sérstökum ramma. Er þetta mjög hentugt fyrir nemendur í próflestri. Uppsetning bókarinnar og framsetning efnis er í einu orði sagt til fyrirmyndar og því lærdómsrík fyrir íslenska landafræðikennara.

Sú gagnrýni sem beinst hefur að bókinni í erlendum landafræðitímaritum er aðallega sú að bókinn er mun nær því að vera kennslubók í staðsetningarkenningum (location theory) en í almennri mannvistarlandafræði.^{x)} Þá eru í bókinni ýmsar minniháttar missagnir og vafasamar fullyrðingar sem þó spilla ekki heildarmyndinni. Ekki er víst að bókinn henti vel til kennslu í landafræði í framhaldsskólum hér á landi, en slíkt er þó sjálfsagt að prófa. En eitt er víst að kennarar í landafræði geta sótt í hana ýmislegt ítarefni til kennslu auk þess sem læra má mikið af framsetningu efnis í bókinni.

x) Sérstaklega á þessi gagnrýni við kaflann um atvinnulíf sem tekur um þriðjung bókarinnar.

Human Geography. Theories and their Application.
M.G. Bradford og W.A. Kent. Oxford: Oxford University
Press, 1977, 180 bls. Verð á pappírskilju E 3,00.

Þessi bók fjallar í mjög samþjöppuðu og greinar-
góðu máli um helstu kenningar og módel í mannvistarlanda-
fræði og notagildi þeirra. Í fyrsta hluta bókarinnar er
greint frá kenningum og módelum um staðsetningu og land-
notkun. Þar er gefið yfirlit yfir módel Christaller's,
von Thünen's og Weber's, sagt frá endurbótum á miðstaða-
kenningunni og raðstærðarreglunni og greint frá kenningu-
um um heildarmynstur landnotkunar í borgum. Í öðrum
hluta bókarinnar er fjallað um samgöngukerfi, flutnings-
kostnað, flutningaleiðir, þyngdarafflsmódelið og útbreiðslu-
módelið. Í þriðja og síðasta hluta bókarinnar er síðan
fjallað um mannfjöldabreytingar, hagvöxt og landfræðilegt
ójafnvægi í hagþróun.

Deila má um það hvaða módel, kenningar eða þættir
skulu teknir til umfjöllunar í riti sem þessu. Sakna ég
þar sérstaklega að ekki er neinn almennur inngangskafli
um gildi þessara módelna og kenninga í landafræði nútímans.
Einnig hefðu búferlaflutningar mátt fá meiri og ítarlegri
umfjöllun en þar er gert.

Þrátt fyrir áðurnefnda vankanta er þessi bók mjög
gott inngangsrít fyrir nemendur á síðasta ári í mennta-
skóla eða fyrsta ári í háskóla. Öll framsetning efnis
er skýr og sagt er frá hverri kenningu eða módeli á mjög
greinargóðan hátt. Þetta rít getur þó aldrei staðið eitt
og sér sem kennslubók, en myndi sóma sér vel við hliðina
á riti sem er í stíl við bók C. Whyne-Hammond's eða ein-
hvers konar verkefnabók.

Agricultural Location. M.J. Walker. Oxford: Basil
Blackwell L.t.d., 1977, 80 bls. Verð E 2,85.

Þessi bók er skrifuð sem inngangsrít til kennslu
í landbúnaðarlandafræði fyrir nemendur á síðasta ári í

breskum menntaskólum. Bókin skiptist að loknum inngangi í fjóra meginkafla. Sá fyrsti fjallar um hið klassíska módel von Thünen's og gildi þess í landbúnaði samtímans. Sá næsti fjallar um áhrif náttúrufars á landbúnað, svo sem jarðvegs, loftslags, landhalla og hæðar yfir sjó. Sá þriðji fjallar um hina mannlegu þætti sem áhrif hafa á landbúnað, t.d. eignarhalds á landi, stærð jarðar, uppskiptingar lands, tæknistigs og opinberrar stefnumótunar í landbúnaði. Síðasti meginkaflinn fjallar um landfræðileg mynstur landbúnaðar sem sýnd eru fyrir þrjár mismunandi stærðareiningar, þ.e. fyrir eina jörð, Bretland og heiminn.

Í bókinni er fjöldi skemmtilegra skýringamynda og verkefna. Höfundur bókarinnar er á þeirri skoðun að ýmsar tölfræðilegar aðferðir í faginu eigi að kynna nemendum strax á menntaskólastigi. Því eru verkefnin í bókinni flest byggð á notkun tölfræðilegra aðferða. Sem dæmi má nefna aðhvarfsgreiningu (regression analysis) á tengslum úrkomu og % lands sem er ræktað í Englandi og Wales. Einnig eru í bókinni listi yfir ritgerðarefni fyrir nemendur og ítarefni fyrir kennara. Þessi bók er eins og kennslubækur gerast bestar í landafræði í dag.

Industrial Location. T. Wilson. Oxford: Basil Blackwell Ltd., 1977, 80 bls. Verð £ 2,85.

Þessi bók er skrifuð sem inngangsrít til kennslu í iðnaðarlandafræði fyrir nemendur á síðasta ári í breskum menntaskólum. Þessi bók er í sömu ritröð og „Agricultural Location“ og er mjög svipuð að allri uppbyggingu. Bókin skiptist í fjóra meginkafla. Sá fyrsti fjallar um landfræðilega dreifingu iðnaðar og aðferðir til þess að mæla hversu dreifingin eða samþjöppunin er mikil. Næsti kafli fjallar um kenningar um staðsetningu iðnaðar og er þar aðallega stuðst við kenningar Weber's. Þá kemur víðastmesti kafli bókarinnar og fjallar hann um þá þætti sem áhrif hafa á hámarks staðsetningarhagkvæmni iðnaðar fyrir-

tækja. Má þar nefna flutningskostnað, framboð á vinnu-
afli, framboð á orku, fjármagn, hlutverk ríkisvalds, að-
fanga- og afurðatengsl við önnur fyrirtæki, stærðarhag-
kvæmni og ákvörðunartöku. Að lokum er svo kafli sem
fjallar um breytingar á þeim þáttum sem áhrif hafa á
staðsetningu iðnaðar í gegnum tímans rás.

Á sama hátt og með bókina „Agricultural Location“,
er hægt að mæla með þessari bók fyrir kennara í landafræði
á framhaldsskólastigi til að kynna sér og nota að einhverju
leyti við kennslu.

FRÁ ORÐANEFND

Hér eru birt 18 hugtök í landafræði sem óskað
er eftir tillögum að þýðingu á. Eins og síðast er
fólk beðið að senda tillögurnar á DIN A7 spjöld (7,5x
10,5 cm) og senda þær Ólafi H. Óskarssyni, Logalandi
16, 108 Reykjavík.

land reform	spatial distribution
land reclamation	spatial interaction
land tenure	spatial pattern
land use	spatial organization
locational analysis	spatial system
location theory	syncline
nodal region	topography
mental map	transport network
physical geography	uniform region

THE GEOGRAPHICAL ASSOCIATION

Ritstjóra Landabréfs barst nýlega bréf frá „The Geographical Association“, sem eru samtök landafræðikennara í Bretlandi, þar sem þeir biðja um aðstoð við leit að nýjum félagsmönnum á Íslandi. Þótt samtökin starfi í Bretlandi er talsverður hluti félagsmanna frá öðrum löndum.

Samtökin gefa út tvö tímarit, Geography og Teaching Geography sem send eru félagsmönnum. Í þessum tímaritum er að finna allar nýjustu upplýsingar um allt efni og tæki til kennslu í landafræði ásamt yfirlitsgreinum um það nýjasta í faginu, matreitt fyrir kennara. Þá reka samtökin nokkurs konar bóka klúbb sem býður félagsmönnum upp á ítarefni til kennslu á afsláttarverði. Í aprílmánuði ár hvert halda samtökin mjög vandaða ráðstefnu í London um ýmis atriði í landafræðikennslu.

Félagsgjald sem innifelur áskrift að tímaritunum er £ 14 á ári fyrir einstaklinga og stofnanir, en £ 10,30 fyrir stúdentana í fullu námi. Best er fyrir þá sem vilja gerast félagar að skrifa samtökunum og biðja um reikning (invoice) fyrir árgjaldi og framvísa honum í banka þegar sótt er um gjaldeyrisyfirfærslu.

Heimilsfangið er:

The Geographical Association
343 Fulwood Road
Sheffield S10 3BP
England

LÝSING Á NÁMI TIL BS-PRÓFS Í LANDAFRÆÐI VIÐ H.Í.

Í landafræðinámi til BS-prófs geta nemendur valið ákveðin svið landafræði (sbr. síðustu tölur í númeri námskeiðs) og aukagreinar. Val aukagreina fer mjög eftir því hvort nemendur stefna að framhaldsnámi í landafræði og því, hvert eftirtalinna sviða þeir kjósa.

A. Svæðalandafræði (-5)

B. Almenn landafræði

1. Eólisræn landafræði (-1 eða -2)
2. Hagræn landafræði (-4)
3. Mannvistarlandafræði (-3)
4. Aðferðafræðileg viðfangsefni (-1 eða -2)

Breytingar sem hafa orðið sé horft til fyrra veturs eru að til hafa orðið þrjú ný námskeið vegna óska nemenda auk þess sem námskeiðið 0.6.63.22 Veðurfarsfræði er nú skyldunámskeið en var áður valnámskeið.

Ný námskeið eru:

1. 06.63.23 Mannvistarlandafræði II, G (2e), 2. misseri, 2F + 1Æ.

Kennari: Guðrún Ólafsdóttir, lektor.

Lýðfræði; viðfangsefni, kenningar, heimildir og aðferðir. Útbreiðsla mannkyns fyrr og nú, lýðfræðileg einkenni, fólksfjölgun, kyn-, aldurs- og verkaskipting, fólksfjöldaspár, fólksflutningar. Maðurinn og umhverfið; offjölgun fólks, eyðing auðlinda, mengun.

Umhverfisskynjun og atferli.

Búseta og lífskjör.

2. 06.63.42 Fjarkönnun, G (2e), 4. eða 6. misseri, 2F + 1Æ.

Kennari: Gylfi Már Guðbergsson, dósent.

Nauðsynleg undirstaða: 61.11, 61.21, 63.11 og 63.41. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið loftmynda-túlkun (63.41) eða taki þátt í því samtímis.

Grundvallaratriði fjarkönnunar og yfirlit um helstu svið hennar. Fjarkönnunargögn og aðferðir við öflun þeirra. Fjarkönnun úr flugvélum og gervihnöttum. Helstu gervihnettir. Vinnsla mynda og upplýsinga. Notkun og túlkun loftmynda og gervihnattamynda, gildi fjarkönnunar á ýmsum fræðasviðum, dæmi við viðfangsefni, m.a. umhverfis- og náttúrufarsathuganir, landnýting, könnun gróðurfars, athuganir á sjávarhita og hafís og kortagerð.

3. 06.63.45 Þróunarlönd II, G (2e), 4. eða 6. misseri, 2F + 1Æ. Námskeiðið verður haldið næst 1982.

Kennari: Guðrún Ólafsdóttir, lektor.

Nauðsynleg undirstaða: 63.35.

Leitast verður við að dýpka skilning og auka þekkingu stúdenta á efnahagslegum og félagslegum aðstæðum í þróunarlöndum með athugun einstakra landa eða landsvæða í Rómönsku Ameríku eða Asíu.

Til umræðu er að á næsta vetri verði kennt nýtt námskeið, Borgarlandafræði II, sem framhald námskeiðsins Borgarlandafræði I.

BS-NAM Í LANDAFRÆÐI (G), 1. - 6. MISSERI

Skyldunámskeið:		Náms- ein.	Meðalfjöldi stunda í viku Misseri					
nr.	heiti		1.	2.	3.	4.	5.	6.
06.11.15	Tölfræði f. líffræðinema	2	2/2					
06.61.11	Almenn jarðfræði I	3	5/0/0					
06.61.21	Almenn jarðfræði II	3		5/0/1				
06.61.33	Fræðsluferð um Suðurland	2			x			
06.62.12	Bergfr. f. landafræðinema	2	2/1					
06.63.11	Landafræði I	2	1/2					
06.63.12	Veðurfræði	2	2/2					
06.63.13	Mannvistarlandafræði I	3	3/1					
06.63.21	Landafræði II	2		3/0				
06.63.22	Veðurfarsfræði	2		3/1				
06.63.23	Mannvistarlandafræði II	2		2/1				
06.63.24	Hagræn landafræði I	5		5/2/1				
06.63.31	Kortagerð	3			2/2			
06.63.32	Rannsóknaraðferðir	1			1/1			
06.63.33	Byggðalandafræði	3			3/1			
06.63.35	Þróunarlönd I ¹⁾	3			3/1		(3/1)	
06.63.41	Löftmyndatúlkun	1				1/1		
06.63.44	Samgöngur og viðskipti	3				3/1		
06.63.46	Námsferð landfræðinema	3				0/0/1	0/0/1/2	
06.63.51	Landafræði Íslands	2					2/0/1	
06.63.55	Svæðalandafræði ¹⁾	3			(3/1)		3/1.	
06.63.66	Námsferð til útlanda	2				x		x
06.63.69	Lfr. Íslands-BS verkefni	5					0/0/1	0/0/2
Samtals — — — Einingar:		59	14	14	12	7	8	7
		Stundir:	23	14	14	7	8	2
Valnámskeið: 2)								
06.11.16	Forritun og tölvur ³⁾	2			(2/1)		2/1	
06.21.25	Þættir úr sögu og heimspeki vísindanna	3		4/1		(4/1)		(4/1)
06.32.11	Almenn haffræði I	3			3/3			
06.32.21	Almenn haffræði II	4				5/1		
06.63.42	Fjarkönnun	2				2/1		(2/1)
06.63.45	Þróunarlönd II ⁴⁾	2				2/1		(2/1)
06.63.53	Borgalandafræði	3					3/1	
06.63.54	Hagræn landafræði II	2					2/1	
06.63.60	Rannsóknaverkefni	1-3					x	x
06.63.61	Landfræðisaga	2						2/0/1
06.63.62	Landsnytjar	3						3/1
06.63.63	Söguleg landafræði ⁴⁾	3				(2/1)		2/1

1) Námskeiðin 63.35 og 63.55 eru haldin á víxl á haustmísserum. 63.35 verður næst 1981 en 63.55 haustið 1980.

Námskeiðin 63.45 og 63.63 eru haldin á víxl á vormísserum. 63.45 verður næst 1982 en 63.63 á vormísseri 1983.

2) Aukagreinar með landafræði til BS-prófs geta verið eðlisfræði, efnafræði jarðfræði og jarðeðlisfræði, líffræði og stærðfræði í verkfræði- og raunvísindadeild, en auk þess hagfræði, þjóðfélagsfræði og sagnfræði í öðrum deildum. Samval námskeiða er háð samþykki jarðfræðiskorar.

3) Einnig er hugsanlegt að velja 06.11.65 Tölfræði II fyrir líffræðinema.

4) Námskeiðin 63.45 og 63.63 eru haldin á víxl á vormísserum. 63.45 verður næst 1982 en 63.63 vorið 1983.

HAGRÆN LANDAFRÆÐI SJÁVARÚTVEGS - HUGLEIDINGAR1. Inngangur

Landfræðingar eru ekki eins þekktir af því hvað þeir rannsaka eins og hvernig þeir rannsaka viðfangs-efni sín (Lloyd og Dicken, 1977). Við rannsóknir á hagkerfi samfélagsins eru landfræðingar áhugasamir um mörg þau sömu atriði og aðrir félagsvísindamenn, sérstaklega hagfræðingar, en hafa þó talsvert annan sjóndeildarhring. Landfræðingar og hagfræðingar spyrja gjarnan mismunandi spurninga um sama fyrirbærið. Áhugi landfræðingsins beinist fyrst og fremst að því hvernig útbreiðslu ýmissa fyrirbæra er háttáð á yfirborði jarðar og hvaða ferli hafa í gegnum árin leitt til þess útbreiðslumynsturs sem rannsakað er.

Hagræn landafræði er sem kunnugt er eitt af sérsviðum landafræðinnar. Þeir sem fást við hagræna landafræði hafa mjög misjafnar skoðanir á því hvað hagræn landafræði sé og einnig eru rannsóknaaðferðir þeirra misjafnar. Þar að auki er þetta svið, eins og önnur svið landafræðinnar undirorpið stöðugum breytingum á viðhorfum og rannsóknaaðferðum. Í grófum dráttum má skipta hagrænni landafræði í tvö rannsóknasvið, sem þó skarast dálítið. Það eru annars vegar rannsóknir á landfræðilegum einkennum einhverra þátta hagkerfisins og hins vegar rannsóknir á efnahags- og atvinnulífi ákveðinna misstórra landfræðilegra eininga. Dæmi um fyrrnefnda rannsóknasviðið eru a.m.k. af þrennum toga spunnin:

1. Framleiðsluvörur t.d. kakólandafræði,
2. Einstakir geirar hagkerfisins t.d. iðnaðarlandafræði
3. Flæði innan hagkerfisins t.d. landafræði alþjóðaviðskipta.

Þá má ekki gleyma því að rannsóknir í hagrænni landafræði beinast í mun meira mæli að rannsóknum á auðlindum og náttúrugæðum en rannsóknir annarra félagsvísindamanna gera almennt.

Af framansögðu má vera ljóst að sjávarútvegur býður upp á fjölmörg áhugaverð viðfangsefni þar sem viðhorfum, vinnuaðferðum, módelum og kenningum í hagrænni landafræði má beita til rannsókna. Slíkar rannsóknir eru ekki bara mögulegar heldur nauðsynlegar því margar þær deilur sem uppi eru í dag milli hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi eru í grundvallaratriðum deilur milli landshluta. Eitt dæmi um slíkt eru heildartilfærslur fjármagns sjóðakerfis sjávarútvegs sem komið hafa mjög misjafnt niður eftir tegundum útgerðarrekstrar og þar með útgerðarstöðum og landshlutum. Annað dæmi eru deilur um fiskveiðisókn og eru eftirtaldar glefsur um það hitamál teknar úr leiðara Ægis, 21. tbl. 1976, að afloknu Fiskipingi:

"Deilurnar stóðu að venju milli bátamanna og togaramanna, en einnig milli fjórðunga. Bátamenn, einkum sunnlendingarnir, lögðu eindregið til að dregið væri úr sókn togaranna, sem hömluðu því með veiðum sínum fyrir vestan, norðan og austan, að fiskur næði að ganga suður á hrygningarslóðina, og væri það ein aðalorsök síminkandi afla bátanna sunnlands á vetrarvertíðum.... Þetta mál er svo samslungið félagslegum atriðum (pólitík og atvinnu og byggðastefnu), að það leysist ekki með umræðum á Fiskipingum."

Af þessu má sjá að hér er mjög áhugavert landfræðilegt rannsóknarefni á ferðinni, en hvar eru landfræðingarnir?

2. Hvar eru landfræðingarnir?

Rannsóknir landfræðinga á sjávarútvegi eru fátiðar, sérstaklega í samanburði við miklar rannsóknir þeirra á öðrum atvinnugreinum svo sem landbúnaði og iðnaði. Þetta kann að hljóma einkennilega þar sem fáar atvinnugreinar bjóða upp á jafn margbreytileg, áhugaverð og sterk tengsl manns og náttúru, þ.e. megin viðfangsefni landafræðinnar, og sjávarútvegur gerir.

Í flestum þeim löndum sem verið hafa í fylkingarbrjósti rannsókna í hagrænni landafræði í heiminum, sérstaklega í Bandaríkjunum, Kanada, Frakklandi, Þýskalandi, Svíþjóð og að nokkru leyti í Bretlandi, hefur sjávarútvegur verið minniháttar atvinnuvegur sem aðallega hefur verið stundaður á útkjálkasvæðum. Í þeim löndum og fylkjum þar sem sjávarútvegur er hins vegar þjóðhagslega mjög mikilvægur atvinnuvegur, svo sem í Noregi, Færeyjum, Nýfundnalandi og Íslandi, standa rannsóknir í hagrænni landafræði almennt langt að baki því sem best gerist í heiminum. Kann þetta að skýra nokkuð hvers vegna rannsóknir landfræðinga á sjávarútvegi eru svo skammt á veg komnar.

Mjög fáir háskólar í heiminum bjóða upp á sérstök námskeið í landafræði sjávarútvegs. Í þessu sambandi má þó nefna að 2 af 22 fastráðnum kennurum við landafræðideild Memorial University á Nýfundnalandi og 1 af 5 fastráðnum kennurum við landafræðideild Saint Mary's University í Halifax, Kanada, hafa það að aðalstarfi að kenna um sjávarútveg. Einnig má benda á að hægt er að taka B.S. próf í landafræði sjávarins (maritime geography) í U.W.I.S.T. í Cardiff, Wales og að í Kaliningrad í Sovétríkjunum er sérstök háskóladeild fyrir landafræði sjávarins. Þá er einnig vitað að Japanskir landfræðingar hafa eitthvað fengist við þetta svið.

Í samtölum og bréfaskiftum sem undirritaður hefur átt við prófessor W.S.W. Nowak á Nýfundnalandi, en hann hefur verið prófessor í landafræði sjávarútvegs í 10 ár, hefur komið fram að honum hefur einungis tekist að hafa upp á ca. 40-50 háskólakennurum í heiminum sem eru sérfróðir um landafræði sjávarútvegs. Það sem er enn athyglisverðara er, að mörgum mismunandi atvinnuaðferðum er beitt af þessum litla hóp og að námskeið í faginu eru byggð upp á ólíkan hátt. Sumir rannsaka einn fisk og allt sem snýst í kringum hann, en aðrir rannsaka eitt veiðarfæri og allt sem snýst í kringum það og enn aðrir rannsaka landfræðilegt misvægi í framboði og eftirspurn á fiski og eftir hvaða leiðum fiskurinn er fluttur.

3. Hvernig rannsaka landfræðingar sjávarútveg

Öllum fiskveiðipjóðum heims má raða á samfelldan skala þar sem á öðrum endanum eru þær þjóðir sem flytja nær allan sinn fisk út, en á hinum endanum eru þær jód-ir sem nýta sinn fisk nær eingöngu til neyslu innanlands. Íslendingar og Færeyingar eru gott dæmi um fyrrnefnda hópinn, en Bretar og Þjóðverjar um þann síðarnefnda. Hjá þeim þjóðum sem flytja mestan sinn fisk út er sjávar-útvegur yfirleitt fjölbreytt atvinnugrein sem veitir að jafnaði fleira fólki atvinnu í landi en á sjó, sérstak-lega er þó fiskvinnslan stór þáttur. Sjávarútvegi þess-ara þjóða má skipta í fjögur afmörkuð svið: fiskveiðar, fiskvinnsla, sala á erlendum mörkuðum og stjórnsýslu- og rannsóknastofnanir.

Hjá þeim þjóðum sem stunda fiskveiðar aðallega fyrir heimamarkað samanstendur sjávarútvegur nær eingöngu af fiskveiðum, en hin þrjú sviðin eru yfirleitt miklu smærri. Varla er um nokkra fiskvinnslu að ræða en heildsala og smásala á fiski er þó talsvert mikilvæg atvinnugrein, en þá starfsemi ber víst fremur að telja til verslunar en sjávarútvegs.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir því hvernig landfræðingar rannsaka sjávarútveg útflutn-ingsþjóða og geta hugsanlega nálgast viðfangsefni sitt. Við slíkar rannsóknir má skipta viðfangsefninu niður í eftirtalda sex þætti, þar sem þættir 2-4 eru sjávarút-vegurinn sjálfur, en þættir 1 og 6 nauðsynlegir tengi-þættir:

1. FISKURINN Í SJÓNUM
2. VEIÐAR
3. VINNSLA AFLA
4. ÚTFLUTNINGUR SJÁVARAFURÐA
5. STJÓRNUN SJÁVARÚTVEGS
6. ÁHRIF SJÁVARÚTVEGS Á EFNAHAGSLÍF OG BYGGÐAÞRÓUN

Hér að neðan mun gerð nánari grein fyrir hverjum þessara þátta um sig.

4. Fiskurinn í sjónum

Í sjónum eru fjöldi nýtanlegra fisktegunda sem hver um sig hefur mismunandi stofnstærð, meðalþyngd og verðmæti. Þá er mikill munur á framboði og eftirspurn hverrar tegundar og í þeim árstíðabundnu sveiflum sem eru bæði á framboði og eftirspurn. Síðast en ekki síst hefur stór hluti fiskstofna til skamms tíma verið alþjóðleg eign samkvæmt hefð og nýting þeirra oft einkennst af rányrkju og ofveiði, en ekki hagkvæmustu nýtingu.

Þéttleiki og tegundasamsetning fiskstofna er mjög breytileg eftir miðunum umhverfis landið, vegna mismunandi náttúruskilyrða og sóknarþunga. Miklar sveiflur eru einnig milli árstíða og einstakra ára. Tilvist fiskstofnanna ákvarðast aðallega af plöntuframleiðslunni í sjónum sem er háð ýmsum eðliseiginleikum sjávar. Fjórir aðrir þættir hafa einnig mikil áhrif:

1. Fæðukeðjur og fæðupýramídar í sjónum
2. Endurnýjun og vaxtarhraði einstakra fisktegunda
3. Göngur fiskstofna sem að meginstofni til eru árstíðarbundnar hrygningargöngur
4. Hversu miklar veiðar eru á hverjum stofni

Fiskimið eru misgjöfufull og jafnframt eru aflasamsetning og árstíðasveiflur í afla mjög mismunandi eftir miðum. Þennan mismun má rekja bæði til mismunandi lífskilyrða í sjónum og mismunandi sóknarþunga veiðiskipa. Fyrirnefndi þátturinn er viðfangsefni haffræði og fiskifræði en sá síðarnefndi auðlindastjórnunarfræða (resource management). Verkefni landfræðingsins er fyrst og fremst að afla sér þekkingar á þessu sviði og tengja niðurstöður sérfræðinga sem á því starfa við uppbygginguna í landinu. Einnig að beita landfræðilegum rannsóknaraðferðum ef hægt er, til þess að sýna fram á hvernig veiðar á einum miðum hafa áhrif á veiðar á öðrum miðum.

5. Veiðar

Á Íslandi er lítil munur á fiskiskipum og veiðarfærum fyrir hverja tegund veiðiskapar miðað við það sem áður var, er samskipti voru lítil milli landshluta. Í dag er hins vegar talsverður munur á hlutfallslegu mikilvægi einstakra gerða fiskiskipa eða veiðarfæra eftir landshlutum. Línuveiðar eru t.d. mikið stundaðar á Vestfjörðum en netaveiðar á Suðurnesjum.

Landfræðilegar rannsóknir á þessu sviði myndu á fyrstu stigum snúast um landfræðilega dreifingu fiskiskipaflota, veiðarfæra og löndunarhafna og á síðari stigum að hve miklu leyti útskýra má þau dreifingarmynstur sem upp koma með ríkjandi náttúruskilyrðum. Síðast en ekki síst er áhugavert að rannsaka hvernig kostnaðaráhrifum hinna ýmsu náttúruskilyrða er háttað og að hve miklu leyti landfræðileg dreifing fiskiskipaflota og löndunarhafna hefur ákvarðast af kostnaðarhagkvæmni.

6. Vinnsla afla

Vinnsla afla er mjög misjöfn og ákvarðast bæði af ýmsum þáttum veiðanna og ekki síður af markaði fyrir vöruna. Þá má ekki gleyma hinum sérstöku landfræðilegu áhrifaþáttum sem eru annars vegar loftslag og hins vegar fjarlægð frá miðum og mörkuðum. Landfræðilegar rannsóknir á fiskiöjuverum geta að talsverðu leyti stuðst við kenningar, módel og vinnuaðferðir í iðnaðarlandafræði.

7. Útflutningur sjávarafurða

Hver tegund sjávarafurða hefur sína aðalmarkaði þangað sem stærstur hluti vörunnar er seldur. Framleiðsla á einstökum tegundum sjávarafurða er mjög breytileg eftir landshlutum. Sem dæmi má nefna að saltfiskverkun er mjög mikilvæg á Suðurnesjum en frysting á Vestfjörðum. Saltfiskur er aðallega seldur í Miðjarðarhafslöndum en frystur fiskur til Bandaríkjanna. Sjávarútvegur á Vestfjörðum er

Því verulega háður öllum breytingum sem verða á Bandaríkjamarkaði en sjávarútvegur á Suðurnesjum þeim breytingum sem kunna að verða á fiskmörkuðum í Miðjarðarhafslöndum. Slík markaðstengsl og breytingar á þeim eru mjög áhugavert viðfangsefni fyrir landfræðinga.

Conkling og McConnell (1981) hafa bent á það að landafræði alþjóðaviðskipta (geography og international trade) sé svið sem landfræðingar hafa alveg vanrækt síðustu árin. Stinga þeir upp á ýmsum leiðum til að tengja nýjungar í landfræðilegum vinnubrögðum við rannsóknir á alþjóðaviðskiptum. Það væri verðugt verkefni fyrir landfræðing að taka upp hugmyndir þeirra í því skyni að varpa landfræðilegu ljósi á dreifingarmynstur útflutnings íslenskra sjávarafurða.

8. Stjórnun sjávarútvegs

Til ýmissa takmarkana á veiðum hefur verið gripið síðustu árin. Má í því sambandi nefna veiðibönn, lokuð svæði, aflakvóta, takmarkanir á útbúnaði veiðarfæra og veiðileyfi. Notkun þessara stjórnækja hefur mikil áhrif á afkomu þeirra sem veiðarnar stunda. Oft hafa risið hatrammar deilur um til hvaða stjórnækja skuli gripið. Vertíðarmiðin suðvestanlands hafa að mestu verið tekin af togurunum og færð netabátum, deilt hefur verið um dragnotarveiðar í Faxaflóa og Húsvíkingar og Kópaskersmenn hafa deilt um það hvorum beri rétturinn til rækjuveiða í Öxarfirði.

Rannsóknir á þessu sviði eru fyrst og fremst rannsóknir á leiðum til þess að skipta nýtingarrétti á auðlindum á sem réttlátastan hátt á milli þegnanna. Þetta snýst að verulegu leyti um skiptingu kökunnar á milli einstakra landshluta og byggðarlaga og er þar af leiðandi frá sjónarhóli landfræðingsins mjög áhugavert viðfangsefni.

Á þessu sviði er einnig hið „alræmda“ millifærslu-kerfi sjávarútvegs þar sem gríðarlegir fjármunir eru beint og óbeint færðir á milli vinnslugreina og tegundar

útgerðarrekstrar. Ekki er vafi á því að talsverð tilfærsla fjármagns á sér stað á milli landshluta og byggðarlaga með þessum hætti sem vert væri að rannsaka.

9. Áhrif sjávarútvegs á efnahagslíf og byggðapróun

Þjóðhagslegan ábata af sjávarútvegi má meta á ýmsa mismunandi vegu. Dæmi um slíkt eru hlutdeild sjávarútvegs í þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum, hlutfall sjávarútvegs af útflutningsverðmæti, atvinna og tekjur fólks í sjávarútvegi, virðisaukning í vinnslu sjávarafurða og kaup fyrirtækja í sjávarútvegi á vörum og þjónustu fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum. Sumar þessar stærðir má bera saman eftir landshlutum og byggðarlögum og fá þannig nokkuð glögga mynd af áhrifum sjávarútvegs á byggðapróun. Ítarlegar rannsóknir á slíkum áhrifum eru í raun miklu flóknari en falla að mestu fyrir utan það svið sem þessi grein fjallar um.

10. Niðurstöður

Í þessu greinarkorni hefur verið bent á að þrátt fyrir mörg mjög áhugaverð rannsóknarefni hefir sjávarútvegi ekki tekist að draga til sín nema mjög takmarkaða athygli landfræðinga, hvort heldur er á Íslandi eða erlendis. Bent hefur verið á ýmis hugsanleg viðfangsefni og er það von höfundar að með þessum hugleiðingum hafi honum tekist að benda landfræðingum á nýtt og áhugavert rannsóknasvið, sem enn hefur fáar hefðir og að mestu ómótaðar vinnuaóferðir.

Heimildir

- Conkling, E.C. og McConnell, J.E. (1981) „Toward an integrated approach to the geography of international trade“, The Professional Geographer vol. 33, no. 1, bls. 16-25.
- Lloyd, P.E. og Dicken, P. (1977) Location in space (London)
- Ægir (1976) 21. tbl.

TÍMARITSGREINAR UM BÚFERLAFLUUNINGA

Hér á eftir fer skrá um tímaritsgreinar er fjalla um búferlaflutninga og er þeim raðað eftir stafrófsröð höfunda. Skráin er unnin af nemendum á 2. ári í landafræði. Greinarnar eru teknar úr 9 landfræðitímaritum sem keypt eru á Háskólabókasafni, árg. 1976-1980. Tímaritin eru:

1. The Geographical Review
2. Annals of the Association of American Geographers
3. Geoforum
4. Geografisk Tidskrift
5. Journal of Historical Geography
6. Geografische Zeitschrift
7. Geografiska Annaler B
8. Economic Geography
9. Progress in Human Geography

- Agnew, J.A. and Barr, B.M. (1980) "Immigration field dynamics: a conceptualization and empirical analysis", Geografiska Annaler B, 2, 69-81
- Allen, J.P. (1977) "Recent immigration from the Philippines and Filipino communities in the United States", The Geographical Review, 2, 195-209
- Allen, J.P. (1977) "Changes in the American propensity to migrate", Annals of the Association of American Geographers, 4, 577-587
- Ball, B. and Demko, G.J. (1978) "Internal migration in the Soviet Union", Economic Geography, 2, 95-114
- Clark, W.A.V. (1976) "Migration in Milwaukee", Economic Geography, 1, 48-60
- Cumler, J.T. (1980) "Transatlantic working-class institutions", Journal of Historical Geography, 3, 275-290
- Desbarats, J. (1979) "Thai migration to Los Angeles", The Geographical Review, 2, 303-319

- Foster, R.H. jr. (1980) "Wartime trailer housing in the San Francisco Bay area", The Geographical Review, 2, 276-291
- Fruin, W.M. (1978) "A social geography of preindustrial labour migration in Japan: Tajima and Kurume villages in the nineteenth century", Journal of Historical Geography, 2, 105-128
- Fuchs, R.I. and Demko, G.J. (1978) "The Postwar mobility transition in Eastern Europe", The Geographical Review, 2, 171-183
- Gibson, J.R. (1980) "Russian expansion in Siberia and America", The Geographical Review, 2, 127-137
- Gjerde, J. (1979) "The effects of community on migration: three Minnesota townships 1885-1905", Journal of Historical Geography, 4, 403-422
- Gómez-Ibáñez, D.A. (1977) "Energy economics and the decline of transhumance", The Geographical Review, 3, 284-299
- Gray, F. and Boddy, M. (1979) "The origins and use of theory in urban geography: Household mobility and filtering theory", Geoforum, 1, 117-127
- Hirst, M.A. (1976) "A markovian analysis of inter-regional migration in Uganda", Geografiska Annaler B, 2, 79-94
- Hudson, J.C. (1976) "Migration to an American frontier", Annals of the Association of American Geographers, 2, 242-265
- Humphreys, J.S. and Whitelaw, J.S. (1979) "Immigrants in an unfamiliar environment. Locational decision-making under constrained circumstances", Geografiska Annaler B, 1, 8-19
- Jones, R.C. (1978) "Myth maps and migration in Venezuela", Economic Geography, 1, 75-91
- Lewis, G.J. and Maund, D.J. (1976) "The urbanization of the countryside. A framework for analysis", Geografiska Annaler B, 1, 17-27
- Lieber, S.R. (1978) "Place utility and migration", Geografiska Annaler B, 1, 16-28

- Lloyd, R.E. (1977) "Consumer behavior after migration", Economic Geography, 1, 14-27
- McKay, J. and Whitelaw, J.S. (1977) "The role of large private and government organisations in generating flows of inter-regional migrants: The case of Australia", Economic Geography, 1, 28-44
- Meade, M.S. (1977) "Medical geography as human ecology: The dimension of population movement", The Geographical Review, 4, 379-394
- Moore, J.E. (1979) "The villagisation process and rural development in the Mwanza region of Tanzania", Geografiska Annaler B, 2, 65-81
- Mukherji, S. (1980) "The mobility field theory of movement dynamics: a pathway to migration planning in underdeveloped countries", Geografiska Annaler B, 1, 25-33
- Nipper, J. (1978) "Zum intraurbanen Umzugverhalten älterer Menschen (On the Intra-Urban Migration Behaviour of the Elderly)", Geographische Zeitschrift, 4, 289-311
- O'Loughlin, J. (1980) "Distribution and Migration of Foreigners in Cities", The Geographical Review, 3, 253-276
- Ostergren, R. (1979) "A community transplanted: the formative experience of a Swedish immigration community in the upper Middle West", Journal of Historical Geography, 2, 189-212
- Patten, J. (1976) "Patterns of migration and movement of labour to three pre-industrial East Anglia towns", Journal of Historical Geography, 2, 111-130
- Pipkin, J.S. (1977) "Some probabilistic revealed preference models of the choice process in recurrent urban travel", Geografiska Annaler B, 2, 82-94
- Grigg, D.B. (1977) "E.G. Ravenstein and the laws of migration", Journal of Historical Geography, 1, 41-54
- Rice, J.G. and Ostergren, R.C. (1978) "The decision to emigrate A study of diffusion", Geografiska Annaler B, 1, 1-16

- Richardson, B.C. (1980) "Freedom and migration in the Leeward Caribbean", Journal of Historical Geography, 4, 391-408
- Sheldon, R. (1977) "The Evolution of migration patterns during urbanization in Peru", The Geographical Review, 4, 394-412
- Sternstein, L. (1976) "Migration and development in Thailand", The Geographical Review, 4, 401-420
- Svart, L.M. (1976) "Environmental preference migration: A review", The Geographical Review, 3, 314-331
- Townsend, A.R. (1980) "The role of returned migrants in England's poorest region", Geoforum, 4, 353-371
- Ward, P.M. (1976) "Intra-City migration to squatter settlements in Mexico city", Geoforum, 5/6, 369-383
- Wareing, J. (1980) "Changes in the geographical distribution of the recruitment of apprentices to the London companies 1486-1750", Journal of Historical Geography, 3, 241-249
- Wiseman, R.F. and Virden, M. (1977) "Spatial and social dimensions of intraurban elderly migration", Economic Geography, 1, 1-13
- Wiseman, R.F. and Roseman, C.C. (1979) "A typology of elderly migration based on the decision making process", Economic Geography, 4, 324-338

FRÉTTATILKYNNING

Út er komin á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins doktorsritgerð Sigfúsar Jónssonar „The Development of the Icelandic Fishing Industry 1900-1940 and its Regional Implication“. Bókin er til sölu hjá afgreiðslu Sögufélagsins, Garðastræti 13b og er opið þar virka daga kl. 14-18. Verð bókarinnar er kr. 100,00.

AFMÆLISRIT DR. SIGURÐAR ÞÓRARINSSONAR

Fyrir forgöngu Landfræðifélagsins hefur verið ákveðið að 11 félög og stofnanir standi saman að útgáfu afmælisrits til heiðurs dr. Sigurði Þórarinssyni á 70 ára afmæli hans í janúar 1982. Að útgáfunni standa eftirtaldir aðilar: Landfræðifélagið, Sögufélagið, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarráð, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Jarðfræðafélag Íslands, Hið íslenska fornleifafélag, Vísindafélag Íslendinga, Jarðfræðaskor Háskóla Íslands, Norræna eldfjallarannsóknastöðin og Jökларannsóknafélag Íslands.

Ákveðið hefur verið að ritið innihaldi safn greina á þeim sviðum sem Sigurður Þórarinsson hefur komið nærri á starfsferli sínum. Fjöldi kunnra vísinda- og fræðimanna hafa nú þegar boðið fram greinar í ritið. Að auki er gert ráð fyrir að birta ritskrá Sigurðar fremst í bókinni. Af hálfu Landfræðifélagsins hefur Ólafur H. Óskarsson tekið sæti í útgáfunefnd bókarinnar.